

Uppskeruhátíð hafin

Enn á ný eru Myrkir músikldagar komnir á fulla ferð, hin árlega uppskeruhátíð íslenskra tónskálda. Á mánudagskvöld spiluðu Sigrún Eðvaldsdóttir og Snorri Sigfús Birgisson undir merkjum hennar í Salnum verk eftir Misti Þorkeldsdóttur, Þórð Magnússon, Finn Torfa Stefánsson, Atla Heimi Sveinsson og Þorkel Sigurbjörnsson. Af þessum 6 verkum voru þrír frumflutningar og einn frumflutningur á Íslandi.

Það er satt að segja langt því frá vandalaust að meðtaka og melta svo mörg „ný“ verk á einu kvöldi. Koma svo heim með kollinn úttroðinn og hálfúrbræddan af einskærri einbeitingu, setjast niður og dæma verkin eftir eina hlustun – sem mér hefur ávallt fundist ósanngjarnt gagnvart tónskáldunum sem lagt hafa ómælda vinnu í verkin og sál sína að veði. Sá síður hefur þó verið stundaður í aldaraðir og ótal verk sem við elskum í dag voru jörðuð við frumflutning – og kannski eru þau enn fleiri sem var hælt í hástert en eru okkur löngu gleymd og grafin. (Hvað getum við lært af því? Jú, aldrei taka mark á gagnrýnendum!) En öll verkin sem þau Sigrún og Snorri léku voru í meðförum þeirra hin áhugaverðustu og vel þess virði að gefa sjéns í aðra hlustun.

Af einhverjum ástæðum hafði ég búið við ljúfri og sicilienski „Cesiliönu“ eftir Misti frá 1990 en að finna einhver tengsl þar á milli væri sennilega of langsótt. Verkið er nosturslega samansett með skemmtilegum



Sigrún Eðvaldsdóttir og Snorri Sigfús Birgisson: Það hlýtur að vera draumur hvers tónskálds að láta slíka listamenn flytja verk sín.

Tónlist

Arndís Björk Ásgeirsdóttir

dansköflum í bland og var leikið af miklum tilfinningahita. Þættir eftir Finn Torfa Stefánsson var fyrsti frumflutningur kvöldsins. Verkið er í tveimur köflum og gefur fögur fyrirheit með ljúflegri byrjun og flæðandi línu fiðlunnar en einhvern veginn missti ég nú þráðinn þegar á leið þáttinn sem fyrir mér virkaði heldur stefnulaus. Annar þátturinn var mun áhugaverðari með skemmtilegum hrynmótifum sem Sigrún og Snorri léku sér að.

Þórður Magnússon er sennilega yngsta tónskáldið sem á verk á hátíðinni. Hann hefur á síðustu misserum stundað nám í

tónsmíðum í París þar sem verkið Trois pieces var samið á síðasta ári. Þrír þættir verksins, sem eru stuttir og hnitmiðaðir og mynda saman ágæta heild, voru sérlega vel fluttir. Helst ber að nefna annan þáttinn sem krefst nákvæmrar samstillingar flytjenda. THOR eftir Atla Heimi Sveinsson er samið fyrir Thor Vilhjálmsson og hafði aldrei áður verið flutt í frumgerð sinni. Atli segir um verkið, sem er í þremur stuttum þáttum, að það sé skrifað í augnabliksinnblæstri; verkið er barn síns tíma með strengiaplokki og fífferi og Snorra hálfan inni í hljóðfærinu en útkoman varð hin skemmtilegasta, sérstaklega annar þátturinn sem tónskáldið segir

í að megi kalla skertsóðans. Mónetta Kjartans Ólafssonar var að sama skapi vel flutt og marga virkilega fallega kafla þar að finna sem hefði kannski mátt gera meira við.

Síðust á efisskránni var svo G-svita Þorkels Sigurbjörnssonar sem er orðin gamall kunningi og gott dæmi um verk sem verður betra og betra við hverja hlustun – enda var flutningurinn á mánudagskvöldið hreint frábær. Þau Sigrún og Snorri eru úrvals listamenn og ná einkar vel saman; það hlýtur að vera draumur hvers tónskálds að fá verkin sín flutt eins vel og þau gerðu á þessum tónleikum.

Leifur í Boston

„Ég reyni á hverjum tónleikum að hafa með tónskáld frá landi þar sem okkur dettur ekki í hug að nokkur tónlist þrífist. Ég meina, hvað vitum við um tónlist í Júgóslavíu, Montenegro eða Íslandi?“

Sá sem þannig spyr í viðtali við Boston Herald er Gunther Schuller, tónskáld og hljómsveitarstjóri, sem á sunnudaginn var stjórnaði Pro Arte Chamber Orchestra þegar hún flutti verkið „A Kypros“ eftir Leif Þórarinsson í Sanders-leikhúsinu í Boston í Bandaríkjunum. „Fólk fer yfirleitt að flissa þegar ég segist hafa verið að stjórna á Íslandi,“ bætir Schuller við, „og heldur að þar sé ekkert nema eldfjöll og jöklar, en í raun og veru er gróskumikil menning þar.“

Í umsögn um tónleikana í The Boston Globe á mánudag segir Richard Dyer að verk Leifs sé ástarjótning til eyjarinnar Kýpur og samið undir áhrifum 12. aldar veggmalverka sem hann skoðaði þar. „Verkið er tært og vefur þess gagnsær svo að af ber,“ segir hann, „tónlistin ber vott um góða tækni, ímyndunarafli, fjölbreytta hæfileika og þrótt. Tónn þess virðist brúa tvo afar ólíka menningarheima. Það stefnir á áfangastað af einbeiti en býr einnig yfir suðrænni hlýju og gnótt, jafnvel ástríðu.“ Og Dyer er svo ánægður með verkið og flutninginn að hann langar til að heyra meira eftir Leif.



Íslenska

einsöngslagið erlendis

Hinn einstæði náttúrukraftur sem ber heitið Judith Gans birtir í nýju hefti bandaríska tímaritsins The Journal of Singing langa grein um íslenska einsöngslagið með dæmum – eina ítarlegustu grein sem komið hefur á prenti um þetta fyrirbæri. Þar drepur hún á sögu Íslands, tungumálið og skáldskaparlistina en meginefni greinarinnar er um tónskáldin og lögin þeirra. The Journal of Singing er eina fræðiritið sinnar tegundar í Bandaríkjunum og nýtur mikillar virðingar. Því er dreift í um það bil 6000 eintökum sem flest fara til söngkennara og prófessora í tónlist.

Næsta verkefni Judithar er að fá birt á nótum úrval af íslenskum einsöngslögum í Bandaríkjunum ásamt þýðingum á ljóðunum og hljóðritunum á íslenska textanum. En það næsta sem við fáum beinlínis að heyra til hennar er hljómdiskur sem hún tók upp með Jónasi Ingimundarsyni á síðasta ári og er væntanlegur á markað í apríl í vor.

Þrykkatækni í Kringlunni

Í dag var opnuð í Kringlunni sýning á grafík og grafíkvinnumbrögðum. Listamennirnir Daði Guðbjörnsson og Dröfn Friðfinnsdóttir sýna vinnuferil grafíkverka, allt frá því þrykkplatan er unnin til fullgerðra verka. Sýningin verður í sýningarrými Galleris Foldar og Kringlunnar á annarri hæð gegnt Hagkaupi.

Átt þú mynd

eftir Sölva Helgason?

Þetta er orðsending til allra þeirra sem eiga myndir eftir Sölva Helgason, alþýðulistamanninn og flakkarann sem uppi var á 19. öld. Á þessu ári er fyrirhuguð útgáfa á bók um myndlist Sölva og biður útgefandinn, Ólafur Jónsson, alla sem luma á slíku góssi að láta sig vita bréflega í pósthólf 7077, 127 Reykjavík, eða símleiðis í númer 895 9852. Best væri ef viðkomandi gæti sent mynd eða ljósrit af myndinni sinni.



Frost og funi

Í kvöld kl. 20.30 verður opnuð samsýning fimmtán listamanna í baksal Galleris Foldar, Rauðarárstíg 14. Sýningin ber nafnið Frost og funi og þeir sem taka þátt í henni eru Brynhildur Ósk Gísladóttir, Daði Guðbjörnsson, Dröfn Friðfinnsdóttir, Elin G. Jóhannsdóttir, Erla Þórarinsdóttir, Gunnar Þorbjörn Jónsson, Gunnella, Jón Thor Gíslason, Jón Reykdal, Katrín H. Ágústsdóttir, Ólöf Kjara, Sara Vilbergisdóttir, Soffía Sæmundsdóttir, Unnur Jörunn Birgisdóttir og Þorbjörg Pálsdóttir.

Sýningin stendur til 31. janúar.

Umsjón

Silja Aðalsteinsdóttir

Speglar samtímans að hætta

Sýningunni „80/90 Speglar samtímans“ í Listasafni Íslands lýkur á sunnudaginn. Þar eru til sýnis valin verk frá síðustu tveimur áratugum úr eigu Museet for samtidskunst í Ósló, og er áhersla lögð á umskiptin sem hafa átt sér stað í myndlistinni á þeim tíma. Aldrei hafa áður verið


saman komin hér á landi verk eftir jafnmarga heimsþekkt myndlistarmenn úr samtímanum og á þessari sýningu sem gefur viðtæka mynd af fjölbreytileika samtímalistarinnar.

Margir listamennirnir beita ljósmyndatækni, meðal annars Andres Serrano sem á meðfylgjandi mynd. Hún heitir „Nomads (Bertha)“ eða Hirðingjar (Bertha) og fegrar skemmtilega viðfangsefni sitt. „Upphafning og minnisvarðastelling hennar dregur fram ákveðin líkindi með „Berthu“ og portrettum þjóðhöfðingja,“ sagði Anna Sigríður Einarsdóttir í umsögn um sýninguna í DV. Á sýningunni er einnig fjöldi rýmisverka og málverka sem mörg hver eru verulega áhrifamikil og spyrja nærgöngulla spurninga um hvað felst í því að vera nútímamaður í lok þessa árbúsunds.

Listasafn Íslands er opið kl. 11–17 alla daga nema mánudaga.



Flökkukonunni Berthu er stillt upp eins og þjóðhöfðingja á mynd Serranos. Hún er ein fjölmargra verka á sýningunni Spegulum samtímans sem nú er að ljúka í Listasafni Íslands.



Ný verk Ásgerðar

Í dag verður opnuð sýning á níu nýjum verkum eftir Ásgerði Búadóttur í Gallerí Ingólfsstræti 8. Ásgerður er einn af þekktustu myndlistarmönnum þjóðarinnar, hefur sýnt víða um heim og á mörg verk á listasöfnum og í opinberum byggingum hér heima og erlendis. Menningarverðlaun DV í myndlist hlaut hún strax 1982. Verk hennar eru frumleg og auðþekkjanleg, ofín úr ull, hrosshári og manngerðum þræði, eins konar næloni. Ásgerður sýndi í Ingólfsstræti 8 árið 1995 þrettán verk sem hún kallaði „stökur“ og Edda Jónsdóttir, forstöðumaður gallerisins, sagði nýju verkin tilbrigði við þær. „Þetta eru fremur litlar

myndir, um það bil 50x50 sm á stærð, og auðvitað ólíkar stóru veggmyndunum hennar, en afskaplega fallegar“ segir Edda.

Salurinn í Ingólfsstræti 8 er lítill, eins og kunnugir vita, og rými sem skapað er inn í ræður alltaf talsvert miklu um verkin. „Fyrir mig er það viss ögrun eða áskorun að sýna í þessum sal,“ segir Ásgerður. „Hann setur þér ákveðin skilyrði, krefst samvinnu og setur um leið vissar skorður sem eru af hinu góða: hlutföll, rými, lýsing.“

Sýning Ásgerðar stendur til 14. febrúar og verður opin fimmtudaga til sunnudaga kl. 14–18.